

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 1990

22. ágúst 1990

917

Nr. 342

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með kl. 12.00 á hádegi 23. ágúst 1990 eru allar togveiðar bannaðar á svæði er markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°50'28 N – 21°46'26 V
2. 66°53'36 N – 20°54'13 V
3. 66°38'33 N – 21°08'26 V
4. 66°36'36 N – 21°35'47 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi frá kl. 12.00 á hádegi 23. ágúst 1990 reglugerð nr. 294, 18. júlí 1990, um bann við togveiðum á Strandagrunni og Reykjafjarðarál.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. ágúst 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristján Skarphéðinsson.

14. ágúst 1990

Nr. 343

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Ólafsvíkurkaupstað.

1. gr.

Í Ólafsvíkurkaupstað er óheimilt að vera með búfjárhald nema hjá þeim bændum sem á lögbýlum búa og hafa landbúnað fyrir aðalatvinnu. Bæjarstjórn getur þó veitt öðrum sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það umsókn til bæjarstjórnar ásamt yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda.

B 65

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

3. gr.

Lausaganga hrossa er óheimil í bæjarfélaginu án leyfis bæjarstjórnar, slíkum leyfum skulu fylgja sérstök leyfisbréf er bæjarstjórn gerir. Einnig er öll lausaganga búfjár, hverju nafni sem nefnist, bönnuð innan girðingar umhverfis Ólafsvíkurkaupstað. Bæjarstjórn er hvenær sem er heimilt að banna alla umferð með hross um þéttbýli.

4. gr.

Öll gripahús skulu byggð úr þannig efni að auðvelt sé að halda þeim snyrtilegum og að búfénu líði vel í þeim. Húsum skal haldið vel við, þau máluð að utan og haldið hreinum. Öll óhreinindi frá búfénu (tað o.þ.h.) skulu fjarlægð og er með öllu bannað að safna neinu slíku utan húss.

5. gr.

Bæjarstjórn skal veita leyfi til búfjárhalds hverjum þeim sem ekki hefur gerst brotlegur í meðferð búfjár. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, skal afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

6. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar, sem reglugerð þessi mælir fyrir um, skal lögreglustjóri að beiðni bæjarstjórnar hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu hans og heimilt er að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins þannig að það valdi tjóni eða óþrifum. Allan kostnað sem leiða kann að framangreindu, skal lögreglustjóri innheimta hjá eiganda búfjárins.

7. gr.

Hver sá sem fær leyfi til búfjárhalds skal greiða árlega leyfisgjald til Ólafsvíkurkaupstaðar. Gjald þetta skal miðast við tegund og fjölda gripa. Þegar bæjarstjórn ákveður upphæð gjaldsins skal hún hafa til hliðsjónar þann kostnað sem bæjarsjóður þarf að greiða vegna búfjárhalds í bæjarfélaginu, svo sem vörslu lands, kostnað við smölun o.fl. Gjald þetta má ekki verða tekjulind til annarra verkefna bæjarfélagsins.

8. gr.

Bæjarstjórn skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýli og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum. Með má út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Ólafsvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 44, 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaптúnúm, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1990.

F.h.r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Ellý Guðmundsdóttir.